

Skeiðarársandur 2012

Reitur 2

05.09.2012



Tilgangur:

Farið er árlega til að athuga breytingar á Skeiðarásandi, rannsaka fjölda trjáa og hlutfall gróðurpekju.

Áhöld:

- Bönd til að afmarka svæðið sem við skoðuðum hverju sinni.
- Tommustokkur.
- Mappa með blýanti og skýrslunni.
- Plastmerki og vírar.
- Flóra Íslands (plöntubók)


Vinnulýsing:

Þegar hópurinn kom að reit 2 var byrjað á því að taka mynd, en um leið og litið var yfir reitinn var strax tekið eftir því að ekki var mikið að mæla og skoða. En þó þurfti að skoða reitinn og gróðurinn innan hans.

Afmarkað svæði var um það bil 1 metri í hvert sinn. Komist var að því, eingöngu með því að líta yfir reitinn, að hvorki væri birkiplanta né víðiplanta í reitnum.

Eini gróðurinn sem fannst í reitnum var: ilmreyr og blávingull, en það eru strá, en auk þeirra fundust ljónslappi og blóðberg.

Að því loknu var hlutfall gróðurpekju greint og tekið til greina hvert hlutfall mosa og annars gróðurs af gróðurpekjunni var. Síðast voru skófir á grjóti athugaðar.



Mynd 1 – hópur tvö við reit númer 2

Niðurstöður:

Helstu niðurstöður úr reit 2 eru:

Að hlutfall gróðurþekju hefur minnkað um 15% síðan árið 2009. En síðustu þrjú ár hefur hlutfall gróðurþekju verið 65%.

Hlutfall mosa af gróðurþekju hefur rokkað töluvert á milli, en hlutfall mosa var árið 2009 var 90%, en árið 2010 var hlutfall hans 99%, árið þar á eftir lækkaði hann svo aftur niður í 90%, en í ár voru niðurstöður hlutfalls mosa af gróðurþekju eingöngu 85%.

Hlutfall annars gróðurs af gróðurþekju segir sig þá sjálfst, en hlutfall annars gróðurs af gróðurþekju var árið 2009 10%, en árið 2010 var annar gróður eingöngu 1%, árið 2011 varð annar gróður svo aftur að 10%, en í ár voru niðurstöðurnar þær að annar gróður af gróðurþekju hafði hækkað uppí 15%. Skófir á grjóti voru í ár nokkuð miklar, en skófirnar voru 2009 nokkuð miklar, en 2010 voru þær ekki áberandi.

Niðurstöðurnar 2011 og 2012 voru þær sömu, en þau ár voru skófir á grjóti nokkuð miklar.

Á myndunum tveimur er annar gróður í reitnum sýndur, á fyrri myndinni sést blóðberg en á þeirri seinni kemur ljónslappi fyrir.



Mynd 2 - blóðberg í reit 2




Mynd 3 - ljónslappi í reit 2

Samantekt/túlkun:

Samanburður úr öðrum reitum:


Samanteknar niðurstöður úr öllum reitum til samans voru þessar:

Fjöldi talinna plantna voru árið 2009, 24 birkiplöntur og 24 víðiplöntur. Árið 2010 fjölgaði birkiplöntum um 5 og voru þær þá orðnar 29, en víðiplöntur voru þá 33, í fyrra fjölgaði svo heldur betur báðum tegundum, en birkiplönturnar voru þá 46 og víðiplönturnar voru þá orðnar 107, síðasta árið fækkaði þeim svo töluvert en í ár voru birkiplönturnar eingöngu 34 en víðiplönturnar voru orðnar 53, sem segir okkur að á einu ári fækkaði birkiplöntunum um 12, en víðiplöntunum fækkaði um 54 plöntur!




Mynd 4 – Fjöldi talinna plantna. Blátt er fjöldi birkiplantna og rautt er fjöldi víðiplantna.

Fjöldi rekla frá árinu 2009 hefur breyst mjög mikið, en 2009 voru þeir eingöngu 4, árið 2010 voru þeir 308, 2011 voru þeir svo orðnir 978 og núna í ár hafði þeim fækkaði niður í 362.



Mynd 5 - Fjöldi rekla 2009 - 2012.

Nokkuð sér á mörgum plantna. Er það fyrst og fremst ummerki eftir skordýr en einnig er að sjá að plönturnar hafa verið bitnar. Aldrei fyrr hafa verið jafn mikil ummerki eftir skordýr.



Mynd 1 - Súlurit um ummerki skordýra og beitar – blár er beit og rauður skordýr.

Túlkun á niðurstöðum:

Þegar niðurstöður þessa árs eru bornar saman við upplýsingar fyrri ára sést að plöntum hefur fækkað töluvert. Það eru einkum minnstu plönturnar sem hafa þurft að láta undan. Líkleg skýring er sú að enn er töluvert af ösku á sandinum sem virðist hreyfast til í vindi og hefur um leið náð að kæfa gróðurinn.

Þá hefur reklam fækkað töluvert á milli ára. Það bendir til þess að skilyrði hafi ekki verið eins góð í sumar og í fyrra.

Þá vakti athygli að nokkuð sást af rjúpum sem líklegast voru í ætisleit en mikið var um krækiber á sandinum í ár.

Þá þarf að hafa í huga næst þegar verður farið að það þarf að merkja margar plöntur upp á nýtt því plastmerkin sem hafa verið notuð hingað til virðast mást og jafnvel eyðileggjast.

Lokið var við gerð skýrslunnar 16. september 2012

Hópur 2